

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2016, 24. ágúst, var haldinn 103. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11.05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Katla Hólm Þórhildardóttir (Þ); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að veita árlega, næstu fimm árin, einum grunnskóla viðurkenningu fyrir störf í þágu stefnunnar „Skóli án aðgreiningar“ og viðurkenningin heiti Minningarverðlaun Arthurs Morthens.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins gegn einu atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

SFS2016080114

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir telja það vandmeðfarið að veita viðlíka viðurkenningar þegar að ekki liggja fyrir hlutlausir mælikvarðar þegar skólarnir eru metnir og því alltaf hætta á huglægu og ógagnsæju mati. Ógerlegt er því að gæta jafnræðis við slíkar viðurkenningar því missa þær marks. Af þeirri ástæðu greiði ég atkvæði gegn tillögunni.

2. Lögð fram *Samantekt starfshóps um starfsemi Vinnuskóla Reykjavíkur*, dags. 6. maí 2016. Guðmundur Benedikt Friðriksson, skrifstofustjóri og Þórólfur Jónsson deildarstjóri á umhverfis- og skipulagssviði auk Magnúsar Arnars Sveinbjörnssonar frá umhverfis- og skipulagssviði, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2016070016

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ítrekað lagt fram tillögur um að veita nemendum í 8. bekk störf hjá Vinnuskólanum á nýjan leik og auka fjölbreytni þeirra starfa sem í boði eru. Á undanförunum árum hefur áhugi unglunga á störfum á vegum Vinnuskólans minnkað töluvert og er metnaðarleysi núverandi meirihluta borgarstjórnar líklegasta skýringin á þessari neikvæðu þróun. Þetta metnaðarleysi kemur m.a. fram í eftirtöldum atriðum: a) Laun unglunga í Vinnuskóla Reykjavíkur eru nú hin lægstu sem þekkjast í samanburði við aðra vinnuskóla landsins. b) Frá árinu 2011 hefur 8. bekklingum ekki staðið til boða störf í Vinnuskóla Reykjavíkur. c) Vinnustundafjöldi 9. og 10. bekklinga í Vinnuskólanum hefur verið skertur frá því sem áður var.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks ítreka fyrri afstöðu sína og telja brýnt að unnið verði að því að 8. bekklingar fái vinnu við fjölbreytileg störf næsta sumar.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. júní 2016:

Lagt er til við borgarráð að það bregðist við og endurskoði afstöðu sína varðandi að gefa 8. bekkjum á ný kost á vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur nú í sumar. Fyrir nokkrum árum var hætt að bjóða þessum aldurshópi sumarvinnu og mikilvægt nú þegar skólum er að ljúka að bregðast við svo ungmennum á þessum aldri gefist kostur á að stunda uppbyggilegt starf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til við borgarráð að það bregðist við og endurskoði afstöðu sína varðandi að gefa 8. bekkjum á ný kost á vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur næsta sumar. Fyrir nokkrum árum var hætt að bjóða þessum aldurshópi sumarvinnu og mikilvægt nú þegar skólum er að ljúka að bregðast við svo ungmennum á þessum aldri gefist kostur á að stunda uppbyggilegt starf hjá Vinnuskóla Reykjavíkur.

Frestað.

SFS2016060069

4. Lögð fram skýrslan *Samfelldur dagur barna 6-16 ára: Undirbúningur fyrir áætlun um samfelldan dag barna 6-16 ára, í samræmi við samstarfssáttmála við myndun meirihluta borgarstjórnar 2014-2018*, dags. 7. mars 2016. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2016, varðandi starfshóp um samfelldan dag barna 6-16 ára og umsögn skóla- og frístundasviðs um tillögur starfshóps um samfelldan dag barna 6-16 ára. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri, á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2016060028

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla - og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúi Pírata þakka starfshópi um samfelldan dag barna 6-16 ára fyrir vel unna skýrslu þar sem má finna margar gagnlegar ábendingar um fyrirkomulag heildstæðs skóla- og frístundags barna. Í skýrslunni eru ríflega 30 tillögur til úrbóta og er full ástæða að taka undir þau sjónarmið að þetta þurfi samvinnu grunnskóla og frístundar, þar sem þarfir nemandans eru í forgrunni, og rýna betur starfsskilyrði starfsfólks á skóla- og frístundasviði með það fyrir augum að búa til heildstæðari störf.

5. Lögð fram að nýju með áorðnum breytingum svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2016:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til sameiningu leikskólanna Hamra og Bakka, starfsstöðvar leikskólans Bakkabergs í Staðahverfi, undir eina stjórn. Sameining komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánú samstarfi við foreldra og starfsfólk. Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem vinnur með leikskólastjóra Hamra og hefur það hlutverk að gera áætlun um ferli sameiningar og leiða upphaf sameiningar. Starfshópurinn verði skipaður leikskólastjóra Hamra, fulltrúum starfsmanna og foreldra á leikskólanum Hömrum og Bakka og fulltrúum skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfstími hópsins sé til 30. júní 2017 eða lengur ef þörf krefur.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Jafnframt lögð fram skýrslan Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi, dags. 1. apríl 2016 og umsögn foreldraráðs og foreldrafélags Bakka, dags. 19. ágúst 2016, umsögn starfsfólks á leikskólanum Bakka, dags. 19. ágúst 2016, umsögn foreldraráðs leikskólans Hamra, dags. 19. ágúst 2016 og umsögn starfsmanna leikskólans Hamra, dags. 22. ágúst 2016. SFS2016010132

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Lagt er til að sviðsstjóra verði falið að leggja fram drög að breytingum á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla auk draga að samningi. Sviðsstjóra verði jafnframt falið að tilkynna tónlistarskólum sem njóta framlags frá Reykjavíkurborg um að nú standi yfir endurskoðun og undirbúningur að gerð nýrra reglna og samninga við tónlistarskólana vegna framlaga til þeirra.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

Jafnframt lagt fram samningsform fyrir samninga við tónlistarskóla, reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, dags. 29. maí 2012 og samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 13. maí 2011. SFS2016080106

- Sigfríður Björnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2016, um áherslur þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2017 ásamt yfirliti yfir áherslur styrkja menntaráðs og skóla- og frístundaráðs frá 2000-2016. SFS2016080094

Lagt er til að ekki verði tilgreindar ákveðnar áherslur þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs fyrir árið 2017.

Samþykkt.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs, dags. 18. ágúst 2016, varðandi staðfestingu starfsáætlana og skóladagatala grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2016-2017. Jafnframt lagðar fram starfsáætlanir 8 grunnskóla í Reykjavík og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2016, um staðfestingu starfsáætlana og skóladagatala 35 grunnskóla í Reykjavík. SFS2016010029

Samþykkt.

- Kl. 13:44 vikur Valgerður Janusdóttir af fundinum.

9. Lagt fram bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, dags. 8. júlí 2016, um tillögu að stefnu um frístundaþjónustu. Jafnframt lögð fram umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tillögu að stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík, dags. 22. ágúst 2016. SFS2016070070

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs samþykkt með 5 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

10. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 3. júní 2016, beiðni um umsögn skóla- og frístundaráðs vegna tillögu ungmenntaráðs Laugardals og Háaleitis um bætt aðgengi að sálfræðiaðstoð.

Jafnframt lögð fram umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2016, vegna tillögu ungmennaráðs Laugardals og Háaleitis um bætt aðgengi að sálfræðiaðstoð. SFS2016060030

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs samþykkt.

11. Dagskrárlið 12 í útsendri dagskrá frestað.
12. Lagðar fram til kynningar upplýsingar varðandi ráðningu í stöðu skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi.
 - a) Greinargerð skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2016, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi, trúnaðarmál.
 - b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi, trúnaðarmál.
 - c) Auglýsing um stöðu skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi.
 - d) Viðmið vegna ráðninga skólastjóra leikskóla og grunnskóla.

Níu umsóknir bárust um stöðuna og er ákvörðun sviðsstjóra að ráða Sigrúnu Önnu Ólafsdóttur skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi frá og með 1. september 2016. SFS2016080010

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra, Sigrúnu Önnu Ólafsdóttur, velfarnaðar í starfi. Ráðið þakkar fráfarandi stjórnendum fyrir vel unnin störf í þágu skólastarfs á Kjalarnesi.

13. Lagt fram yfirlit yfir starfshópa skóla- og frístundasviðs, dags. 22. ágúst 2016. SFS2016020039
14. Lagt fram yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs, dags. 17. ágúst 2016. Jafnframt lögð fram erindisbréf starfshóps um endurskoðun úthlutunarlíkans grunnskóla, starfshóps um fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings, starfshóps um börnin í borginni, starfshóps um mótun framtíðarskipulags leikskólans Bakkabergs í Grafarvogi og skólastarfs í Grafarvogi, starfshóps um mótun framtíðarskipulags leikskólans Bakkabergs á Kjalarnesi og skólastarfs í Klébergsskóla, starfshóps um skilgreiningu á sérhæfðum leikskólum, starfshóps um stefnumótun um kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi SFS, starfshóps um framtíðarhlutverk Gufunesbæjar hvað varðar aðstöðu, útivist, útinám, afþreyingu og menningu og starfshóps um rýningu á leikskólaþjónustu Reykjavíkurborgar og framtíðarskipan leikskóla. SFS2015100017
15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. ágúst 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 102. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. SFS2016080037
16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2016, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum, frá 100. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi samrekstur skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. SFS2016060070
- Kl. 14:40 vikur Líf Magneudóttir af fundinum.
17. Lagt fram viðbótarsvar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 96. fundi skóla- og frístundaráðs, um kostnað við aðkeypta vinnu vegna ráðgjafar og sérverkefna á skrifstofu skóla- og frístundasviðs síðastliðin fjögur ár. SFS2016040036

18. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. ágúst 2016, um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS2016080100

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á þessu skólaári, 2016 – 2017, eiga grunnskólanemendur í ákveðnum aldurshópum að þreyta samræmd próf með rafrænum hætti. Mikil fjárhagsleg hagræðing á skóla- og frístundasviði á síðustu árum hefur meðal annars víða komið hart niður á því svigrúmi sem skólastjórnendur hafa haft til að fjárfesta nægilega í eða uppfæra tölvur, fartölvur, spjaldtölvur og ritþjálfar í nægilegu magni til að hægt sé að tala um að í dag ríki jafnræði hvað varðar þjálfun fingrasetningar og tölvuritfærni þeirra barna sem nú eiga að þreyta samræmd próf með rafrænum hætti. Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvað skólastjórnendur grunnskóla Reykjavíkur telja sinn skóla skorta af tölvum og öðrum tækjum, aðstöðu og bættu netsambandi til að sinna markvissri þjálfun fingrasetningar og tölvuritfærni nemenda sinna en það er forsenda þess að jafnræði ríki meðal nemenda er þeir þreyta próf með rafrænum hætti.

SFS2016080137

- Kl. 14:50 vikur Sveinn Sigurður Kjartansson.

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig verður sundkennslu háttað, á nýhöfnu skólaári, í þeim skólum þar sem nemendur hafa þurft að sækja hana í önnur hverfi eða jafnvel önnur sveitarfélög?

SFS2016080138

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Umfangsmiklar breytingar hafa víða orðið í grunnskólum borgarinnar nú í haust varðandi tölvumál s.s. uppfærslur tölvukerfa og breytingar á netföngum og aðgangsorðum kennara og nemanda. Þessar síðbúnu breytingar hafa orðið til þess að margir kennarar geta ekki komist á netsvæði skólanna til að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu vegna kennslu fyrstu kennsludaga haustannar. Foreldrar eiga einnig erfitt með að ná sambandi við kennara barna sinna í gegnum tölvupóst. Framsókn og flugvallarvinir vilja gera athugasemd við að þessar umfangsmiklu breytingar eigi sér stað á sama tíma og skólastarf er að hefjast og óska eftir skýringum á því hvers vegna þessar breytingar voru ekki gerðar með góðum fyrirvara fyrir skólabyrjun.

SFS2016080139

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14.55

Skúli Helgason

Eva Einarisdóttir
Kjartan Magnússon
Sabine Leskopf

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir